

sem andstæð er fyrirmælum laga nr. 85/1936. Sameiginlegur frestur aðiljum, sem þeim ber að hagnýta sér í samvinnu eftir ástæðum, var ekki veittur eftir 110. og 111. gr. sömu laga, heldur frestir veittir þeim á víxl, og greinargerðir aðilja og bókanir voru fleiri en ber eftir lögunum.

Þykir því rétt að ómerkja málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá bæjarþinginu, eins og héraðsdómari hefur gert.

Enginn hefur komið fyrir hæstarétt af hendi varnaraðilja, og fellur því málskostnaður fyrir hæstarétti niður.

Því dæmist rétt vera:

Meðferð máls þessa í héraði á að vera ómerk, og vísað málinu frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Akureyrar 8. desember 1943.

Mál þetta er reassumerað í dag, og í réttarhaldi í dag lýstu umboðsmenn aðilja yfir, að þeir gætu eigi fallizt á, að málið yrði hafið. En þar sem stefnandinn hefur samið 3 greinargerðir í málinu og 2 bókanir, en stundum geta þær verið eins konar greinargerðir, og stefndur 2 greinargerðir og 2 bókanir, þá þykir málfærslan vera í striði við ákvæði laga nr. 85 frá 1936 um meðferð einkamála í héraði, og ber því að vísa málinu frá réttinum.

Því dæmist rétt vera:

Málinu ber að vísa frá réttinum.

Föstudaginn 14. janúar 1944.

Nr. 86/1943. Réttvísing og valdstjórnin

(Guðmundur Í. Guðmundsson)

gegn

Lúðvík Dalberg Þorsteinssyni

(Jón Ásbjörnsson).

Brot á bifreiðalögum. Manndráp af gáleysi.

Dómur hæstaréttar.

Slys það, er í máli þessu greinir, varð á Suðurlandsbraut gegnt Hálogalandi. Ákærði var á leið til Reykjavíkur í bif-

reiðinni R 2047. Hann ók, að því er hann sjálfur og vitni telja, á vinstri vegarbrún með 35—40 km hraða, miðað við klukkustund. Er vegurinn þarna steinsteyptur. Var veður þurrt og færi gott. Kom þá á móti ákærða herbifreið með mjög skærum ljósum. Lækkaði ákærði sín ljós og ætlaðist til, að það yrði bifreiðarstjóranum á herbifreiðinni merki um, að hann lækkaði eins ljós bifreiðar sinnar. Af því varð þó ekki, og blindaðist ákærði af ljósum herbifreiðarinnar. Ákærði telur, að um 3 bifreiðarlengdir hafi verið milli framenda bifreiðar hans og framenda herbifreiðarinnar, þegar hann fékk skæru ljósin í augun. Sté hann þá af benzinleiðslunni, en hemlaði ekki strax. Ók hann þannig lítinn spöl og framhjá bifreiðinni, en varð þá skyndilega þess var, að maður, er hann telur hafa verið á hraðri ferð suður yfir veginn, var fyrir framan bifreið hans. Skipti það þá engum togum, að vinstri framhluti bifreiðarinnar rakst á manninn, og varð hann undir henni, en ákærði beitti hemlum um leið og áreksturinn varð. Tókst honum ekki að stöðva bifreiðina fyrr en hún hafði runnið yfir manninn og allt að 10 metra frá slyssaðnum. Hlaut maðurinn svo mikil lemskur, að hann andaðist þegar. Það er leitt í ljós af skoðunarmanni bifreiða, að hemlur á bifreið ákærða voru ekki í fullkomnu lagi, er slysið varð. Var þetta brot gegn ákvæði 5. gr., 2. mgr., laga nr. 23/1941. Ákærða var skylt að hemla bifreið sína, þegar er hann blindaðist af ljósum herbifreiðarinnar og sá ekki veginn framundan. Vanræksla þessarar skyldu hans er brot á 26. gr., 4. mgr., greindra laga. Þá verður og að telja, að hann með þessum gálausu akstri hafi valdið slysinu. Greint brot ákærða ber að heimfæra til refsingar undir 38. gr. laga nr. 23/1941 og 215. gr. hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 60 daga varðhald. Svo ber og samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941 að svipta ákærða ökuleyfi 3 ár.

Ákærði skal greiða allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns hans í héraði, 300 krónur, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 350 krónur til hvors.

Slys þetta varð 17. des. 1942. Framkvæmdu lögreglu-
menn þá þegar bráðabirgðarannsókn, en réttarrannsókn
málsins hófst ekki fyrr en 8. febrúar 1943. Verður að átelja
þann drátt, þar sem málið var svo alvarlegs eðlis og þarfn-
aðist skjótrar og rækilegrar rannsóknar.

Þvi dæmist rétt vera:

Ákærði, Lúðvik Dalberg Þorsteinsson, sæti 60 daga
varðhaldi og skal sviptur ökuleyfi 3 ár frá birtingu
dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin
málsvarnarlaun skipaðs talsmanns hans í héraði, Bald-
vins Jónssonar héraðsdómslögmanns, 300 krónur, og
málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir
hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Guðmundar Í.
Guðmundssonar og Jóns Ásbjörnssonar, 350 krónur
til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 25. maí 1943.

Ár 1943, þriðjudaginn 25. maí, var í aukarétti Reykjavíkur, sem
haldinn var á skrifstofu réttarins Frikirkjuvegi 11 af sakadómara
Jónatan Hallvarðssyni, upp kveðinn dómur í málinu nr. 1123/1943:
Réttvisin og valdstjórnin gegn Lúðvik Dalberg Þorsteinssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. apríl s. l., er samkvæmt fyrir-
lagi dómsmálaráðuneytisins í bréfi dagsettu 22. marz höfðað af
réttvisinnar og valdstjórnarinnar hálfu gegn ákærðum, Lúðvik Dal-
berg Þorsteinssyni, til heimilis Hátúni 21, fyrir brot gegn XXIII.
kafla almennra hegningarlaga nr. 19 1940 og bifreiðalögum nr. 23
1941.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 29. apríl
1921 að Fremra-Hálsi í Kjós. Hann hefur áður sætt eftirtöldum
kærum og refsingum:

- 1940 $\frac{7}{8}$ Sátt, 40 kr. sekt fyrir óspektir.
- 1940 $\frac{2}{6}$ Kærður fyrir ölvun. Fellt niður.
- 1941 $\frac{2}{2}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun og árás.
- 1941 $\frac{2}{1}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1941 $\frac{2}{6}$ Kærður fyrir ölvun á lokuðum dansleik. Fellt niður.
- 1942 $\frac{1}{4}$ Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot á 3. mgr. 31. gr. lsb. Rvíkur.

- 1942 $\frac{7}{5}$ Sátt, 30 kr. sekt fyrir brot á 46. gr. lsb. Rvíkur.
 1942 $\frac{7}{12}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir of hraðan og gálausan akstur bifreiðar.
 1943 $1\frac{7}{4}$ Kærður fyrir ölvun á lokuðum dansleik. Fellt niður.

Málavextir eru sem hér segir:

Hinn 17. des. s. l. var ákærður á leið til Reykjavíkur eftir Suðurlandsbraut á bifreið sinni R 2047, sem er vörubifreið. Um kl. 16.10 ók hann fram hjá herbúðasvæðinu við Hálogaland. Veður var þá gott, og vegurinn, sem er þarna, steinsteyptur, þurr og auður. Er ákærður var kominn um 24 metra norður fyrir hliðið á herbúðasvæðinu, mætti hann herbifreið með mjög skærum ljósum. Ákærður segir, að ljósin hafi blindað sig og hafi hann þá stigið af benzín-gjöfinni til að draga úr hraðanum, sem ákærður telur þá hafa verið um 35—40 km, miðað við klukkustund.

Í sömu svifum varð maður fyrir R 2047 og féll í götuna. Fullyrðir ákærður, að maður þessi hafi verið á leið frá hægri suður yfir veginn. Ákærður fann, að vinstra framhjól bifreiðarinnar fór yfir manninn, og hemlaði hann þá bifreið sína og fór út úr henni. Lá maðurinn þá fyrir aftan bifreiðina, og sneri höfuð hans inn á veginn. Vinstra ljósker bifreiðarinnar hafði brotnað við áreksturinn. Í þessu bar að bifreiðina R 2562, og flutti bifreiðarstjóri hennar manninn í Landsspítalann. Var hann þá dáinn. Maðurinn reyndist vera Sveinn G. Sveinsson bakari, Kjartansgötu 1. Hafði hann hlotið mikla áverka á höfði og viðar. Próf. Niels Dungál, sem gerði réttarkrúfningu á líkinu, telur, að áverkarnir hafi verið svo miklir, að hann hafi dáið svo að segja samstundis.

Við skoðun á R 2047, sem Viggó Eyjólfsson bifreiðaeftirlitsmaður framkvæmdi daginn eftir slysið að tilhlutan rannsóknarlögreglunnar, reyndist bifreiðin vera í góðu lagi að öðru leyti en því, að fót-hemlar hennar, sem eru vökva-hemlar, verkuðu ekki fullkomlega, nema stigið væri tvisvar eða þrisvar á fótstigið. Ákærður hafði um hádegi daginn, sem slysið varð, lagað hemlana, sem þá voru farnir að verka illa, dælt af þeim loftinu og bætt á þá glycerini. Segir ákærður hemlana eftir þá aðgerð hafa reynzt sémilega góða. Ákærður heldur því fram, að það, hve hann hemlaði skyndilega, er slysið varð, hafi valdið bilun á hemlunum, en eigi verður talið líklegt, að hemlarnir hefðu við það bilað með þeim hætti, sem hér um ræðir.

Ákærður segist ekki hafa séð Svein heitinn fyrr en rétt í því, er hann varð undir bifreiðinni, og hafi hann þá þegar hemlað hana. Þegar hann kom út úr bifreiðinni, telur hann, að Sveinn hafi legið um 3 metra frá afturenda vörupalls. Virðast hemlarnir ekki samkvæmt þessu hafa verið sem öflugastir. Ákærður man ekki, hvort hann steig einu sinni eða tvisvar á fótstigið.

Ákærður kveðst hafa ekið vel úti á vinstri brún vegarins, er slysið varð. Vitnið Jónatan Ágúst Helgason, sem var farþegi í bif-

reiðinni R 1743, hefur borið, að svo hafi verið. Bæði nefndu vitni og Þorláki Þórðarsyni bifreiðarstjóra á R 1743, sem einnig hefur verið leiddur sem vitni, ber saman um, að herbifreiðin, sem þeir mættu, hafi haft ákaflega skær ljós. Framburður þeirra varðandi hraða R 2047, er slysið varð, kemur og fyllilega heim við það, sem ákærður hefur skýrt frá um það efni.

Það verður ekki talið, að ákærði hafi með athöfnum sínum í sambandi við akstur og stjórn bifreiðarinnar umrætt skipti brotið bifreiðalögin, að öðru leyti en því, að hemlar bifreiðarinnar voru ekki í fullkomnu lagi, að því er telja verður upplýst, og varðar það ákærða við 5. gr., 2. mgr., sbr. 38. gr. nefndra laga. Hins vegar þykir ekki fullyrðandi, að ákærða hefði tekizt að forða slysi, þó hemlar hefðu verið í fullkomnu lagi, og verður honum því eigi gefin refsiverð sök á slysinu. Ber því að sýkna hann af ákæru réttvisinnar í máli þessu.

Refsing ákærða fyrir ofangreint bifreiðalagabrot þykir hæfilega ákveðin 400 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin máls-varnarlaun skipaðs verjanda síns, hdm. Baldvins Jónssonar kr. 300.00.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Lúðvík Dalberg Þorsteinsson, greiði til ríkissjóðs 400 króna sekt innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en ella komi í stað sektarinnar varðhald í 20 daga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin máls-varnarlaun skipaðs verjanda síns, hdm. Baldvins Jónssonar, kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.
